



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 4. júní 2018

1806001SU HGJ
Málalykill: 40.21

**Efni: Frumvarp til laga um veiðigjöld (endurreikningur veiðigjalds 2018),
mál nr. 631, 148. lgb.**


Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á lögum um veiðigjald, nr. 74/2012 með síðari breytingum (endurreikningur veiðigjalds 2018) frá meirihluta atvinnuveganefndar. Veittur var viðbótarfrestur til umsagnar til hádegis þann 5. júní, að því er fram kemur í tölvupósti frá nefndasviði Alþingis dags. 1. júní sl., en upphaflegur frestur rann út á hádegi þess dags.

Ofangreint mál var sent út til umsagnar fyrir stuttu eða þann 31. maí sl. Vegna þess nauma tíma sem gefinn var til umsagna, sér stjórn samtakanna sér ekki fært að koma frekar að málinu, en að áréttu afstöðu sjávarútvegssveitarfélaga til veiðigjalda:

Í 3. gr. samþykktar segir að tilgangur samtakanna sé m.a. sá, að taka þátt í mótun reglna um gjaldtöku vegna nýtingar sjávarauðlindarinnar og skiptingu á því gjaldi milli ríkis og sveitarfélaga, ásamt öðrum fjárhagslegum og umhverfislegum atriðum sem tengjast nýtingu sjávarauðlindarinnar.

Virðingarfyllt

f.h. stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga



Helga Guðrún Jónasdóttir
framkvæmdastjóri Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga